


✉ RE: Umsagna leitað við tillögu að breytingu á aðalskipulagi

Búið til	29.8.2022 12:04:11
Höfundur	Ingvar Atli Sigurðsson
Sent	29.8.2022 12:04:08
Tilheyrir	 202208-0023 - Tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 - umsögn

Efni

RE: Umsagna leitað við tillögu að breytingu á aðalskipulagi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	29.8.2022 12:04:08	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill			
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Ingvar Atli Sigurðsson - NI (Ingvar.A.Sigurdsen@ni.is)
Til	atli@thingeyjarsveit.is

Innihald

Sæll.

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202208-0023

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, dags 23. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2030, efnisnáma í landi Garðs.

Fyrirhuguð er efnistaka í landi Garðs þar sem nýta á efni á svæði sem hefur að hluta verið raskað með efnistöku, uppgræðslu og öðrum framkvæmdum.

Nýja efnistökusvæðið, 383-E, er 2,4 ha og að hluta til inni á athafnasvæði, auðkennt sem 373-A og er 8,7 ha að stærð. Ráðgert er að vinna um 49 900 m³ af muldu hrauni úr námunni á um 17 200 m². Fyrir er eldra efnistökusvæði og verður samantlagt flatarmál efnistökusvæðisins tæplega 25 000 m². Að efnistöku lokinni getur landið nýst sem viðbót við athafnasvæðið.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna þessa máls þann 21. mars 2022.

Í umsögninni benti Náttúrufræðistofnun á að Mývatn er ein af náttúruperlum landsins og að um svæðið Mývatn og Laxá gildi sérstök lög um verndun þess (<https://www.althingi.is/altxt/stjt/2004.097.html>). Þá er svæðið Mývatn og Laxá á yfirlitsskrá heimsminja um fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO (https://heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=22&Itemid=51).

Fyrirhugað efnistökusvæði liggur rétt utan við mörk friðlýsta svæðisins, en er innan grannsvæðis vatnsverndar. Þá er fyrirhugað efnistökusvæði í nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Það var mat Náttúrufræðistofnunar að forðast ætti að fara í efnistöku í svo mikilli nálægð við verndarsvæði Mývatns og innan vatnsverndarsvæðis. Þá réttlætti rask á yfirborði hraunsins ekki frekari efnisvinnslu. Of mikið væri í húfi að mati Náttúrufræðistofnunar t.d. ef mengunarslys yrði innan svæðisins þar sem grunnt er á grunnvatnið og hraunin lek. Því mæltist Náttúrufræðistofnun til þess að frekar verði leitað að heppilegu efnistökusvæði utan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þó að núverandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi geri ráð fyrir talsvert minni efnistöku en skipulags- og matslýsingin gerði (49 900 m³ í stað 120 000 m³) ítrekar Náttúrufræðistofnun það sem fram kom í fyrri umsögn. Gæta þarf sérstaklega vel að öllum mengunarvörnum vegna nálægðar við Mývatn.

Virðingarfyllst;

Ingvar Atli Sigurðsson



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8,

210 Garðabær

ICELAND

<http://www.ni.is> (<http://www.ni.is>)

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@thingeyjarsveit.is>

To: "Axel Benediktsson" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Sigprúður Stella Jóhannsdóttir" <sigthrudurstella@gmail.com>; "Sædís Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "arnie@hi.is" <arnie@hi.is>; "Davíð Arnar Stefánsson - LAND" <david.arnar.stefansson@landgraedslan.is>; "Jóhannes Haukur Hauksson" <johannes.haukur@hne.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: RE: Umsagna leitað við tillögu að breytingu á aðalskipulagi

Date: 23.8.2022 21:54:23

Þessi póstur átti ekki að fara af stað alveg strax, byrja aftur hér:

Góðan dag, fyrir mistök hefur ekki verið send út beiðni um umsögn við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 vegna skilgreiningar efnistökusvæðis við Garð, Mývatnssveit. Tillagan var auglýst frá 21. júní til 2. ágúst 2022 í staðarblaði, morgunblaðinu og á vef sveitarfélagsins en ekki send til umsagnar á umsagnaraðila.

Tillagan gerir ráð fyrir efnistöku allt að 50.000 m³ efnis á um 2,4 ha svæði sem er að hluta eldri náma og nútíma hraun sem hefur að hluta verið raskað með slóðagerð. Fyrri áform gerðu ráð fyrir allt að 120.000 m³ efnistöku sem Skipulagsstofnun ákvarðaði þann 16 júní 2022 að skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í viðhengi er að finna ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, auglýsingu tillögunnar og tillöguna sjálfa.

Vinsamlegast gefið ykkur tíma til að rýna í tillöguna en svar óskast eins skjótt og unnt er.

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Pingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@thingeyjarsveit.is (mailto:atli@thingeyjarsveit.is)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

From: Atli Steinn Sveinbjörnsson

Sent: föstudagur, 25. febrúar 2022 09:50

To: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is)>; Birna Björk Árnadóttir <Birna.Arnadottir@skipulag.is (mailto:Birna.Arnadottir@skipulag.is)>; Umhverfisstofnun (ust@ust.is (mailto:ust@ust.is)) <ust@ust.is (mailto:ust@ust.is)>; Axel Benediktsson <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is (mailto:axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is)>; Fjöregg Mývatn <fjoregg@gmail.com (mailto:fjoregg@gmail.com)>; Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir <sigthrudurstella@gmail.com (mailto:sigthrudurstella@gmail.com)>; Minjastofnun Íslands <postur@minjastofnun.is (mailto:postur@minjastofnun.is)>; Sædis Gunnarsdóttir <saedis@minjastofnun.is (mailto:saedis@minjastofnun.is)>; Árni Einarsson <arnie@hi.is (mailto:arnie@hi.is)>; land@land.is (mailto:land@land.is); Jóhannes Haukur Hauksson <johannes.haukur@hne.is (mailto:johannes.haukur@hne.is)>; ni@ni.is (mailto:ni@ni.is); Norðurþing <nordurthing@nordurthing.is (mailto:nordurthing@nordurthing.is)>; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is (mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is); Múlathing <mulathing@mulathing.is (mailto:mulathing@mulathing.is)>; afgreidsla@hornafjordur.is (mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)

Subject: Umsagnar leitað við skipulags- og matslýsingu

Góðan dag,

Skútustaðahreppur óskar eftir umsögnum við skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er unnin sökum þess að brýn þörf er á nýju efnistökusvæði við suðurenda Mývatns.

Umsagnarfrestur við skipulags- og matslýsinguna er gefinn til og með mánudagsins 21. mars 2022.

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Pingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (mailto:atli@skutustadahreppur.is)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image001.png (18 KB)

image007.jpg (1 KB)

image008.jpg (1 KB)

image006.png (7 KB)

image003.jpg (1 KB)

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)

image010.png (7 KB)

image004.png (5 KB)

image005.jpg (26 KB)

image003.png (3 KB)

image011.jpg (1 KB)